

44

11. marz

AUGLÝSING

um hámarkshraða á vegum á flugvallarsvæðinu við Keflavík.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og að fengnum tillögum vegamálastjóra, er hámarkshraði bifreiða ákveðinn 30 km á klukkustund á öllum akbrautum á flugvallarsvæðinu við Keflavík, nema á aðalbrautinni frá aðalhlíði flugvallarins að flugstöð og hóteli flugvallarins, en þar er hámarkshraði ákveðinn 55 km á klukkustund.

Í dómsmálaráðuneytinu, 11. marz 1953.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

45

11. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 44 27. júní 1924, um störf lóðarskráritarans í Reykjavík.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir þau störf, er lóðarskráritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða grunngjöld í bæjarsjóð sem hér segir:

a. Fyrir mælingu og merkingu lóðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Á svæði, sem liggur utan línu, sem dregin er að vestan frá sjó eftir Grandavegi, Hringbraut, Njarðargötu að Eiríksgötu, eftir Eiríksgötu að Barónsstíg og norður eftir Barónsstíg að sjó:

Þegar stærð lóðar er:

allt að 200 m ²	kr. 100.00
200 m ² — 400 —	— 110.00
400 — — 600 —	— 120.00
600 — — 800 —	— 140.00
800 — — 1100 —	— 170.00
1100 — — 1500 —	— 200.00
1500 — — 2000 —	— 250.00
2000 — — 3000 —	— 300.00

yfir 3000 fyrir hverja 1000 m², að auki, — 50.00

2. Á svæði frá nefndum mörkum í 1. lið að línu, sem dregin er að vestan frá sjó við norðurenda Ægisgötu og eftir Ægisgötu að Vesturgötu, eftir Vesturgötu að Garðastræti, eftir Garðastræti að Túngötu, eftir Túngötu að Suðurgötu, eftir Suðurgötu að Vonarstræti, eftir Vonarstræti að Tjarnargötu, eftir Tjarnargötu suður fyrir mörk lóðar nr. 11, sjónhending þaðan í Lækjarósinn, þaðan eftir Lækjargötu yfir Lækjartorg eftir Kalkofnsvegi að Geirsgötu og eftir Geirsgötu austur til sjávar, tvöfalt það gjald, sem ákveðið er í 1. lið.
3. Á svæði innan þeirra marka, sem lýst er í 2. lið, þrefalt það gjald, sem ákveðið er í 1. lið.